

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 278/2023

frá 27. október 2023

**um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/865 frá 23. febrúar 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/907 að því er varðar starfsréttindaskírteini og staðfestingar á faglegri menntun og hæfi í tilteknum aðildarríkjum ⁽¹⁾.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 1d (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32023 R 0865**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/865 frá 23. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 113, 28.4.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/865, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 113, 28.4.2023, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður